

132 einingu Eyvindarhólaprestakalls við Holtsprestakall, þó svo að hann taki laun 21. júlí. eftir hinum eldri launalögum.

Útaf þessu skal yður til vitundar gefið yður til leiðbeiningar, að stjórnarráðið felst á, að framangreindar brauðasameiningar komi í framkvæmd á þann hátt, að hinir núverandi prestar í Pykkvabæjarklaustursprestakalli og Holtsprestakalli undir Eyjafjöllum taki laun sín eftir hinum eldri launalögum.

133 Brjef stjórnarráðsins til biskups um sameining tveggja prestakalla og skipun samkvæmt lögum 16. nóvbr. 1907 nr. 45.

14. ág.

Með brjefi, dagsettu 11. þ. m., hafið þjer, háæruverðugi herra, meðal annars skýrt frá því, að presturinn í Hofsprestakalli í Álftafirði, sira Jón Finnsson, gangi að sameiningunni við Berufjarðarprestakall að því tilskildu, að prestsetrið verði ákveðið að Djúpavogi, sem þjer teljið hjerumbil sjálfsagt. Svo leggur hlutaðeigandi prófastur til, að í stað bújarðar sje prestsetrinu látnar fylgja, prestinum til afnota, varphólmarnir í Búlandseyjum, sem fylgja Berufirði, og Þvotteyjar, sem fylgja Hofi, gegn hæfilegu eftirgjaldi fyrir fjárbeit og æðarvarp, sem í eyjunum er, og teljið þjer ekkert þessu til fyrirstöðu. Enn skýrið þjer frá því í nefndu brjefi, að presturinn að Mælifelli hafi gengið að sameiningu við Goðdalaprestakall og gengið undir nýju launalögin í þeirri von, að hinu nýja Mælifellsprestakalli verði veitt annaðhvort erfiðleikauppbót eða bráðabirgðauppbót sökum stórvægilegra örðugleika á þjónustu Ábæjarsóknar. Leggið þjer til, að báðar þessar brauðasameiningar verði samþyktaar.

Útaf þessu skal yður, háæruverðugi herra, til vitundar gefið, yður til leiðbeiningar og frekari ráðstöfunar, að stjórnarráðið felst á það, að Hofsprestakall og Berufjarðarprestakall sameinist, þannig að prestsetur hins sameinaða prestakalls, Hofsprestakalls, sje ákveðið að Djúpavogi, og að því fylgi áður nefndar eyjar gegn hæfilegu eftirgjaldi, sem þjer eruð umbeðinn að hlutast til um að ákveðið verði með matsgjörð dómkvaddra manna. Stjórnarráðið samþykkir einnig sameining hins núverandi Mælifellsprestakalls og Goðdalaprestakalls, en að því leyti sem sira Sigfús Jónsson hefir látið uppi þá von, að hinu sameinaða Mælifellsprestakalli væri veitt annaðhvort erfiðleikauppbót eða bráðabirgðauppbót sökum stórvægilegra örðugleika á þjónustu Ábæjarsóknar, þá skal þess getið, að eigi er heimild til þess að veita bráðabirgðauppbót neinum þeim presti, sem tekur laun eftir hinum nýju prestlaunalögum, en erfiðleikauppbót væri því aðeins heimilt að veita þessu brauði, ef losnaði einhver erfiðleikauppbóta þeirra, sem taldar eru í 2. gr. nefndra laga, af þeim ástæðum, sem teknar eru fram í niðurlagi greinarinnar.

134 Brjef stjórnarráðsins til sjáslumannsins í Eyjafjarðarsýslu um veitingu hlunninda handa sparisjóði Glæsibæjarhrepps.

12. nóv.

Útaf beiðni, er hingað hefir borist frá hreppsnefndaroddvita Glæsibæjarhrepps, vill stjórnarráðið hjer með veita væntanlegum sparisjóði Glæsibæjarhrepps

um næstu 5 ár frá 1. jan. 1909 að telja hlunnindi þau, sem ræðir um í tilskipun **134**
5. janúar 1874 um hlunnindi nokkur fyrir sparisjóði á Íslandi, með þeim skilyrð- **12. nóv.**
um, að eigi rýrni trygging sú, sem nú er fyrir því, að sjóðurinn standi í skilum,
að ákvæðanna um reikningsskil í lögum sjóðsins verði nákvæmlega gætt og að
forstöðunefnd sjóðsins sendi hingað á ári hverja eftirrit af ársreikningi hans í
fyrirskipuðu formi. Svo ber og að senda hingað skýrslu um hverja þá breytingu,
sem verða kann á lögum sjóðsins.

Þetta er yður, herra sýslumaður, til vitundar gefið til leiðbeiningar og
birtingar fyrir hreppsnefnd Glæsibæjarhrepps.

Brjef stjórnarráðsins til sýslumannsins í Norðurmúlasýslu um 135
endurgjald á hluta af barnsmeðlagi. 20. nóv.

Sýslumaðurinn í Eyjafjarðarsýslu hefir með brjefi, dagsettu 25. maí þ. á.,
skotið undir úrskurð stjórnarráðsins ágreiningi milli sin og yðar, herra sýslu-
maður, um endurgjald á hluta af meðlagi með barni Jóns Gunnlaugssonar og
Jakobínu Halldórsdóttur.

Barnsfadurinn, sem sveitfastur er í Seyðisfjarðarhreppi hinum forna, en
dvelur í Arnarneshreppi í Eyjafjarðarsýslu, hefir með úrskurði amtmanns Norður-
og Austuramtsins, dags. 28. febr. 1901, verið skyldaður til að greiða 36 kr. á ári
sem meðlag með barni sínu og nefndrar stúlku, en meðlag þetta hefir hann eigi
greitt og hefir barnsmóðirin því samkvæmt 9. gr. fátækralaga 10. nóvbr. 1905
fengið meðlagið fyrir árið 1907 greitt hjá dvalarsveit sinni, Svarfæðardalshreppi,
en dvalarsveitin hefir aftur krafði Seyðisfjarðarhrepp hinum forna um greinda árs-
meðgjöf 36 kr. Af þessari upphæð hefir síðastnefndur hreppur greitt $\frac{2}{3}$ eða 24
kr., en neitað að greiða $\frac{1}{3}$ eða 12 kr. með tilvísun til 63. gr. nefndra laga 10.
nóvbr. 1905.

Þessi undanfærsla Seyðisfjarðarhrepps hins forna virðist eigi vera á rök-
um bygð, því að dvalarsveit barnsmóður óðlast, með því að greiða barnsmeðlagið,
rjett barnsmóður til greiðslu alls meðlagsins. Tilvísunin til 63. gr. nefndra laga
er eigi rjett, því að sú grein ræðir um endurgjald frá dvalarsveit þurfalings, en
þurfalingur í þessu máli er eigi barnsmóðir heldur barnsfadur, og dvalarsveit hans,
Arnarneshreppur, hefir engan styrk lagt fram og auk þess virðast ástæðurnar
fyrir þessari grein benda á, að hún eigi alls eigi við styrk, sem er fastákveðinn
fyrirfram, og að því bresti heimild til að draga nefndan $\frac{1}{3}$ hluta frá barns-
meðlaginu.

Samkvæmt framangreindu úrskurðast:

Seyðisfjarðarhreppi hinum forna ber að greiða Svarfæðardalshreppi hinar
umþrættu 12 kr.

Þetta er yður hjermeð til vitundar gefið til leiðbeiningar og birtingar
fyrir hreppsnefnd Seyðisfjarðarhrepps hins forna, að því viðbættu, að yður ber
að sjá um, að nefnd upphæð verði greidd Svarfæðardalshreppi án tafar.